## LEIÐBEININGAR FYRIR

# AIRFORCE MINI

AirForce Mini er lítil úðavél með hleðslubatteríi. Lítil og létt, auðveld í notkun og hentar vel til að vera með á ferðinni.






## Notkunarleiðbeiningar

1. Hlaðið tækið.
2. Skrúfið bláa lokið af **(mynd A)**
3. Gangið úr skugga um að bláa keilan sé rétt staðsett í lyfjahylkinu **(mynd B)**
4. Hellið réttu magni af uppáskrifuðu lyfi (2-6 ml) í lyfjahylkið **(mynd C)**
5. Lokið lyfjahylkinu og gætið þess að það sé vel þétt.
6. Tengið endann á loftslöngunni **(mynd D)** beint í lyfjahylkið og hinn endann í tækið sjálft **(mynd E)**
   Ef notaður er maski er honum smellt á munnstykkið á úðabrúsanum **(mynd F)**
7. Kveikið á tækinu og hefjið meðferð. Hægt er að nota tækið á meðan það er í hleðslu. ATH. Ef langur tími líður á milli þess sem tækið er notað, skal hlaða það að fullu á 3 mánaða fresti.
8. Ekki er mælst til þess að meðferð standi lengur en 30 mín í senn.



## Hvernig skal þrífa tækið?

- Takið lyfjahylkið í sundur, alla aukahluti af og látið liggja í heitu vatni.
- Leyfið hlutunum að þorna vel áður en tækið er sett saman.
- Passið vel að enginn vökvi komist inn í tækið sjálft, þar sem rafhlaðan er.
- Skiptið um lyfjahylki á 6-12 mánaða fresti.
- Skiptið um filter á ca 6 mánaða fresti, en fyrr ef vart verður við litabreytingar.
- Ekki má þrífa filterinn og endurnota.